

Ábyrgð Virðing Vinátta



Síðuskóli

Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2014-2015 01.02.2015 7. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú hækkar sólin stöðugt á lofti og nú hefur fyrsti mánuður ársins kvatt okkur. Febrúarmánuður er genginn í garð og þá ber hæst hjá okkur árshátíð skólans sem verður dagana 12. og 13. febrúar. Æfingar eru komnar á fullt og má með sanni segja að þetta sé erilsamur tími í skólanum en vissulega skemmtilegur. Árshátíðin verður með svipuðu fyrirkomulagi og undanfarin ár. Skipulagið má sjá aftar í fréttabréfinu og vonumst við að sjálfsögðu til að sjá sem flesta í hátíðarskapi þessa daga.

Í vikunni eftir árshátíðina er vetrarfrí í skólanum en það hefst á öskudaginn þann 18. febrúar og eiga nemendur að mæta aftur í skólann mánudaginn 23. febrúar. Vonandi nýtist þetta frí sem flestum til samveru og upplýfingar.

Eins og fram kom í bréfi sem sent var heim sl. föstudag þá hefur blessuð lúsin verið að gera okkur lífið leitt í skólanum. Ný tilfelli bætast stöðugt við og eru þau ekki bundin við ákveðna árganga heldur virðist þessi óboðni gestur birtast hér og þar um skólann. Nauðsynlegt er fyrir okkur að taka höndum saman og reyna eftir bestu getu að losa okkur við lúsina í eitt skipti fyrir öll. Það er frekar óskemmtilegt og ekki síður kostnaðarsamt að þurfa alltaf að vera að kemba og lúsapvo.

Annars er allt gott að fréttu úr skólanum og má segja að tíminn líði hratt þessa dagana enda gerir hann það þegar mikið er um að vera!

Bestu kveðjur úr skólanum

Ólöf Inga

Fréttabréf Síðuskóla er sent í tölvupósti til nemenda, forráðamanna og starfsmanna skólans.

Á döfinni í febrúar:

2. - 6. feb.	7. bekkur í skólabúðum í Reykjaskóla í Hrútafirði
12. - 13. feb.	Árshátíð Síðuskóla
16. -feb.	Bolludagur
17. feb.	Sprengidagur
18. feb.	Skipulagsdagur
19. feb.	Vetrarleyfi Frístund opin
20. feb.	Vetrarleyfi Frístund opin

Hitt og þetta

Öryggishandbók fyrir grunnskóla

Í desember s.l. kom út öryggishandbók fyrir grunnskóla. Hún er fyrst og fremst ætluð sem uppléttirit til að auðvelda notendum að fylgja eftir þeim lögum og reglugerðum sem gilda um grunnskólann og umhverfi hans. Uppsetningu handbókarinnar er ætlað að auðvelda notendum að finna upplýsingar um hina mismunandi þætti öryggismála. Markmiðið með handbókinni er að setja fram á aðgengilegan hátt upplýsingar um öll öryggisatriði sem huga þarf að í daglegum rekstri og starfi grunnskóla. Handbókinni er ætlað að vera rammi um sameiginlega vinnu allra í skólasamfélaginu að velferð nemenda og byggir á efni sem Herdís Storgaard og Þorlákur Helgason unnu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Samfélagsstyrkur Norðurorku

Þann 18. janúar veitti Norðurorka styrki til samfélags-verkefna hér í bænum. Sérdeild Síðuskóla fékk 100.000 króna styrk. Styrkurinn er ætlaður í spjaldtölvuverkefni og námsefniskaup. Þær Hulda Guðný forstöðumaður sérdeildarinnar og Ólöf Inga skólstjóri veittu gjöfinni viðtöku.



Árshátíð Síðuskóla 2015

Fimmtudagur 12. febrúar

Sýning kl. 14:30 -15:40	
<u>Skemmtikraftar:</u> 7. KH, 2. b. A-hópur, 4. b. hópur 1, 3.b. B-hópur, 10.bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Boðið er upp á barnagæslu meðan á sýningum stendur. Enginn aðgangseyrir. Verð í kaffi 1000 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning kl. 16:30 -17:40	
<u>Skemmtikraftar:</u> 4. b. hópur 2, 1. bekkur, 5. JÁ/HB, 2. b. B-hópur, 8. B, 10. bekkur .	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Boðið er upp á barnagæslu meðan á sýningum stendur. Enginn aðgangseyrir. Verð í kaffi 1000 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning 19:00-20:10 ball kl. 20:15 – 22:00	
<u>Skemmtikraftar</u> 5. JÁ/HB , 7. KH, 8. BJ , 8. B, 10.bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> 5. – 7. bekkingar Sýning og ball. Verð kr. 500 á ballið.

Föstudagur 13. febrúar

Sýning kl. 10:00- 11:10 og 11:15-12:25 ball	
<u>Skemmtikraftar</u> 4. b. hópur 1, 7. JS, 8. B, 5. JÁ/HB, 8. BJ, 10.bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Nemendur 1.-4. bekkja. Enginn aðgangseyrir. Ball og sjoppa eftir sýningu. Tómsunda- og leikherbergi opin.
Sýning kl. 14:30-15:40	
<u>Skemmtikraftar</u> 7. JS, Sérdeild, 1. bekkur, 4. b. hópur 2, 3.b. A-hópur, 8. BJ , 10. bekkur	<u>Árshátíðargestir:</u> Foreldrar. Kaffisala eftir sýningu. Boðið er upp á barnagæslu meðan á sýningum stendur. Enginn aðgangseyrir. Verð í kaffi 1000 kr. fyrir fullorðna og 500 kr. fyrir börn á grunnskólaaldri. Frítt fyrir yngri börn.
Sýning og ball kl. 19:00-23:30	
<u>Skemmtikraftar:</u> 8. BJ, 8. B, 10. bekkur, Annáll, nemendur með kennaragrín og kennaraatriði.	<u>Árshátíðargestir:</u> Nemendur 8.-10. bekkjar. 1000 kr. á ball fyrir 8.-10. bekk Ball, sjoppa og kaffihús eftir sýningu.



100 miða leikurinn

Nú er SMT– 100 miða leiknum okkar lokið þetta árið. Tilgangur leiksins er að hvetja nemendur enn frekar til að fara eftir SMT-skólareglunum. Nemendur leggja sig fram um að sýna fyrirmyndarhegðun á öllum svæðum skólans og við það



Miði afhentur af ritara skólans

skapast jákvætt andrúmsloft sem leiðir til betri aga.

Leikurinn gengur út á að 10 nemendur á dag fá sérmerкта hrósmiða sem starfsmenn skólans gefa. Miðunum koma nemendur fyrir með úthlutuðu númeri á hundrað miða töflunni. Fyrirfram er búið að ákveða hvaða röð á spjaldinu vinnur en það veit enginn nema skólastjóri. Að leik loknum er kunnert hvaða röð vinnur og hvað er í vinning.

Leikurinn vekur ávallt tilhlökkun og ánægju hjá nemendum

og er ekki ósvipaður bingói þar sem allir eru með en aðeins nokkrir vinna. Vinningurinn felst alltaf í því að þeir 10 nemendur sem vinna gera eitthvað skemmtilegt með skólastjórnendum. Úrslit úr leiknum fara fram á sal þann 10. febrúar.



Miða komið fyrir á 100 miða töflunni.

SAFT

Netorðin 5

Gættu að hvað þú gerir á Netinu! Það sjá það allir.

1 Allt sem þú gerir á Netinu endurspeglar hver þú ert	Komdu fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig	3 Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er
Mundu að efni sem þú setur á Netið er öllum opið, alltaf	5 Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á Netinu	vodafone


SAFT - fræðsla í 6. bekk

Fulltrúarnir, Sólveig og Björn, komu á vegum SAFT-samtakanna, (Samfélag, fjölskylda og tækni) s.l. fimmtudag og fjölluðu um siðferði á Netinu, rafrænt einelti, netboðorðin, félagsnetsíður, friðhelgi einkalífsins, netvini og stikluðu á stóru um kynslóðabilið við nemendur. Nemendur voru vel með á nótunum og voru duglegir að spyrja spurninga um hvað eina sem viðkemur því að vera ábyrgur netnotandi.

Til að foreldrar geti talað við börnin sín og leiðbeint þeim um öryggi og góða hegðun verða þeir að þekkja það umhverfi sem börnin eru í dags daglega. Leiðbeiningar um „umferðarreglur“ á Netinu eru því eðlilegur hluti af uppeldishlutverkinu. Kæru



foreldrar verið á tánum gagnvart því hvað börnin ykkar eru að gera á netinu og athugið vel hvaða öpp þau eru t.d. að nota.



Höfuðóvinur Síðuskóla - Lúsin



LÚS - UPPLÝSINGAR TIL FORELDRA

ALLIR GETA FENGIÐ LÚS OG LÚSASMIT ER EKKI MERKI UM ÓÞRIFNAÐ.

Lúsin smitast nær eingöngu við beina snertingu. Það er sáralítill hættu á að smitast af umhverfinu en það er möguleiki að smitast af greiðum/burstum og höfuðfötum. Lús sem dottið hefur úr höfði verður fljótt löskuð og veikburða.

LEITIÐ AÐ LÚS HJÁ BARNI YKKAR OG ÖÐRU HEIMILISFÓLKI REGLULEGA SAMKVÆMT EFTIRFARANDI LEIÐBEININGUM:

Skoðið hárið vel undir sterku ljósi, lúsin kann best við sig í hnakka, á hvirfli og aftan við eyru.

Egg/nitin eru eins og litlir hnúðar á hárinu. Nitin eru oft ljós, dökk eða silfurlit (tóm). Lúsin límir þau föst, þess vegna strjúkast þau ekki auðveldlega af hárinu.

Það er tiltölulega auðvelt að sjá fullvaxna lús, hún er 2-3 mm að stærð, oft grá, dökk eða ljósbrún. Hins vegar getur verið mjög erfitt að finna þær lús sem eru nýkomar úr eggjunum, þær eru pínulitlar og hálfgegnsæjar.

NOTIÐ SÉRSTAKA LÚSAKAMBA SEM FÁST Í LYFJAVERSLUNUM. TIL ERU MISMUNANDI TEGUNDIR AF KÖMBUM, T.D. SÉRSTAKIR FYRIR ÞYKKT OG SÍTT HÁR.

- Greiðið í gegnum hárið.
- Setjið hárnæringu í þurrt hárið (Landlæknir segir blautt hár) og dreifið henni vel um hárið.
- Byrjið að kamba með kambinum við hársvörðinn og kambið vel út í hárendana, gerið þetta yfir hvítu blaði, spegli eða vaski með vatni.
- Sé hárið sítt eða þykkt er betra að skipta hárinu upp og kamba hvert svæði fyrir sig.

Eftir hverja kumbingu í gegnum hárið, er rétt að strjúka af kambinum með eldhúspappír til að tryggja að lús eða nit verði ekki eftir í kambinum.

EF LÚS FINNST Í HÁRI ÞARFNAST ÞAÐ MEÐHÖNDLUNAR MEÐ SÉRSTÖKU LÚSAMEDALI SEM FÆST ÁN LYFSEÐILS Í LYFJAVERSLUNUM.

- Tilkynnið lúsasmitið til skólans
- Leitið að lús hjá öllum í fjölskyldunni, meðhöndlið aðeins þá sem eru með lús.
- Fylgið leiðbeiningum um meðhöndlun nákvæmlega.
- Endurtakið alltaf meðferðina með lúsamedalinu eftir 8 daga eða samkvæmt leiðbeiningum.
- Ráðlagt er að kamba alla í fjölskyldunni daginn eftir meðferð (á 1. degi) til að athuga hvort meðferð hafi tekist. Ef lús finnst þarf að endurtaka meðferð strax.
- Kamba þarf á fjögurra daga fresti næstu 2 vikur þ.e. á 1. degi, 5. degi, 9. degi og 13. degi.
- Ekki er nauðsynlegt að þrifa heimili eða fatnað sérstaklega.
- Ráðlegt er að meðhöndla bursta, greiður, kamba, hárskraut og húfur vegna möguleika á smiti.
- Hella skal sjóðandi vatni yfir og láta liggja í bleyti í 10-15 mín. eða frysta í 4-6 klst.

Ef þið þurfið nánari upplýsingar, vinsamlega hafið samband við skólahjúkrunarfræðing.

8. bekkur – fréttir

8. bekkur hefur í vetur fengist við hið hefðbundna nám grunnskólans en einnig hefur verið brotið upp á ýmsan hátt t.d. í tengslum við afmæli Síðuskóla í haust, dag Íslenskrar tungu í nóvember og svo er ætlunin núna á vormánuðum að brjóta námið aftur upp.

Í deiglunni er að fara að vinna með evrópskum skólum að verkefni sem heitir Olympíuleikar eTwinning. Það verða haldnar ýmis konar keppnir á milli skólanna þar sem skólarnir safna sér stigum með frammistöðu miðað við hina skólana. Þetta eru skólar í Frakklandi, Tyrklandi, Belgíu og víðar. Þær hugmyndir sem eru uppi um keppnir eru t.d. púsl, hlaup, stærðfræðiþrautir, lestur, landafræði, köst, tölvuleikir og fleira. Þetta verður skemmtilegt verkefni sem samtvinnar ýmsar námsgreinar svo sem ensku, stærðfræði, íþróttir, samfélagsfræði, upplýsingamennt og náttúrufræði svo dæmi séu tekin.

Annar 8. bekkurinn fer í heimsókn í Oddeyrarskóla þriðjudaginn 3. febrúar og verður þar við nám fram að hádegis. Við vonum að Oddeyrarskóli komi svo til okkar þegar fram líða stundir.

Annars gengur allt sinn vanagang í 8. bekk, árshátíðaratriðin eru í fullum gangi, námið "Lúsast" áfram, lotu í lestri valbóka er að ljúka og allir mæta brosandir í skólann hvern einasta dag.

Bibbi og Björk.

SPEKI DAGSINS

Dæmdu ekki daginn af því sem þú hefur uppskorið, heldur af fræjunum sem þú hefur sáð.
(Robert Louis Stephenson.)

MATSEÐILL – febrúar 2015

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	3. Val nemenda Pylsupasta, salatbar	4. Fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	5 Kjúklingur, hrísgrjón, maísbaunir, sósa	6. Skyr, smurt brauð, ávextir
9. Ofnbakaður fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	10. Steiktur kjötbollur, kartöflur, rauðkál, sósa, grænmeti	11. Heilhveitisteiktur fiskur, kartöflur, steiktur laukur, sveppir, sósa	12. Árshátíð	13. Árshátíð
16. BOLLUDAGUR Fiskibollur, karrý, hrísgrjón, karrýsósa	17. SPRENGIDAGUR	18. Skipulagsdagur	19. Vetrarleyfi	20. Vetrarleyfi
23. Hakkað buff, kartöflur, baunir, rauðkál, sósa	24. Grilluð beikja, kartöflur, ferskt grænmeti, ostasósa, ávextir	25. Slátur, kartöflumús	26. Gratineraður fiskur, salatbar, ávextir	27. Súpa, brauð, ávextir